

MINNISBLAÐ

Frá:	Mennta- og menningarmálaráðherra og velferðarráðherra
Til:	Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna, Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Dagsetning:	16.01.2013
Efni:	Samstarf ríkisstjórnar Íslands við aðila vinnumarkaðarins um mennta- og vinnumarkaðsmál

Með yfirlýsingu Ríkisstjórnar Íslands í tengslum við kjarasamninga þann 5. maí 2011 voru gefin ákveðin fyrirheit um aðgerðir í vinnumarkaðs- og menntamálum. Annars vegar var um að ræða bráðaaðgerðir, en hins vegar aðgerðir til þriggja ára.

Strax haustið 2011 var tveimur bráðaaðgerðum hrint í framkvæmd, þ.e.a.s. opnun framhaldsskólans fyrir alla yngri en 25 ára og ný námstækifæri fyrir 1.000 atvinnuleitendur (*Nám er vinnandi vegur*) til þriggja ára. Kostnaður var samtals áætlaður 1.240 m.kr., 440 m.kr. vegna þess fyrrnefnda og 800 m.kr. vegna þess síðarnefnda. Að auki var gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður greiddi þeim atvinnuleitendum sem ekki færu í lánshæft nám styrki til framfærslu og var áætlaður kostnaður vegna þess 400 m.kr. á ári. Vorið 2012 var síðan 1.500 atvinnuleitendum boðið störf sem fjármögnuð voru af hluta með atvinnuleysisbótum (*Vinnandi vegur*). Stýrihópi með aðilum vinnumarkaðarins undir sameiginlegri fomennsku beggja ráðuneyta var settur upp til að annast framkvæmd þessa þáttar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar.

Vegna aðgerða til þriggja ára var lögð áhersla á endurmenntun á vinnumarkaði og framhaldsfræðslu. Verulegir fjármunir voru settir í sérstakan þróunarsjóð til að efla starfstengd nám á framhaldsskóla- og háskólastigi og vinnustaðanámssjóð. Einnig var lögð áhersla á að gera skil framhaldsfræðslu- og framhaldsskóla sveigjanlegri og á aukið samstarf fyrirtækja- og skóla um starfstengt nám.

Það er sameiginlegt mat stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að samstarf um framkvæmd þessa þáttar í umræddri yfirlýsingu hafi gengið vel og framkvæmd þeirra skipt verulegu máli. Eðlilegt er hins vegar nú þegar bráðaaðgerðum er að ljúka með nýju átaksverkefni til sköpunar starfa, Liðsstyrk, að meta stöðuna og horfa fram á veg.

Fyrir liggur að um 400 m.kr. af því því fjármagni sem verkefninu var ætlað fjárlagaárið 2012 var ekki ráðstafað og gera má ráð fyrir svipuðum afgangi á árinu 2013. Til viðbótar er áætlað um 150 m.kr. afgangur af þeirri fjárveitingu sem ætluð var til námsstyrkja á vegum Atvinnuleysistryggingasjóðs verði á árinu 2013. Því má gera ráð fyrir að á árin 2012 og 2013 verði því óráðstafað hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna náms atvinnuleitenda og hjá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna námsstyrkja u.þ.b. 950 m.kr.

Eðlilegt er því að leita samstarfs stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um ráðstöfun þess fjár í samræmi við þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf.

Formenn stýrihóps um framkvæmd hennar hafa kynnt innan hópsins, fyrir forsvarsmönnum aðila vinnumarkaðarins og fyrir ráðherranefnd um atvinnumál, hugmyndir um nýtingu þessa fjármuna til að hækka menntunarstig á vinnumarkaði í samræmi við sameiginlegt markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um lækka hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi fyrir

árið 2020. eru þær hugmyndir í samræmi m.a. við almenna stefnumörkun Samtaka atvinnulífsins um fjárfestingu í menntamálum fyrir atvinnulífið og beinar tillögur Alþýðusambandsins í þessum efnun.

Tillögur þessar eru í stuttu máli eftirfarandi:

- Greining
 - Rúm 30% einstaklinga á vinnumarkaði einungis með grunnskólapróf og það hlutfall hefur lítið breyst undanfarin 20 ár.
 - Beint samhengi er á milli atvinnuleysis og menntunar.
 - Skortur er í atvinnulífinu á starfmenntuðu fólki, einkum í verk- og tæknigreinum, ný störf kalla á menntað starfsfólk og er því hætt á að minnst menntaði hópurinn sitji eftir án vinnu þegar kreppunni linnir.
 - Brýna nauðsyn ber til að gera þessum stóra hópi fólks kleift að bæta sína menntunarstöðu á vinnumarkaði til að auka aðgengi hans að nýjum störfum og fjárfesta í fólki á vinnumarkaði.
- 2020 markmið
 - „Að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25-64 ára sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% árið 2020“. Lítið gerst og orðið óraunhæft.
- Hindranir og flöskuhálsar
 - Aðgengi
 - Misræmi í mati á fyrra námi, mat í höndum einstakra skóla.
 - Mörg eininga- og matskerfi í gangi.
 - Starfsreynsla og raunfærni fá ekki nægilegt vægi.
 - Nám frá símenntunarmiðstöðvum almennt illa metið inn í framhaldsskóla
 - Einstaklingar, eldri en 24 ára mæta afgangi við inntöku í framhaldsskóla.
 - Framfærsla
 - Flestir eru brotthvarfsnemendur úr framhaldsskólum.
 - Hafa farið út á vinnumarkað og stofnað til skuldbindinga.
 - Eiga í dag í fæstum tilfellum kost á námslánum.
- Tillögur
 - Einfalt staðlað aðgengi-aukið hlutverk símenntunarmiðstöðva.
 - Eitt staðlað samræmt einingakerfi (f-einingar) fyrir símenntunarmiðstöðvar, framhaldsskóla og frumgreinadeildir.
 - Samræmt mat á fyrra námi, starfsreynslu og raunfærni fari fram hjá símenntunarmiðstöðvum (“one stop shop”), vottað af Námsmatsstofnun.
 - Matið gildi fyrir símenntunarmiðstöðvar, framhaldsskóla og frumgreinadeildir. Hjá símenntunarmiðstöðvum fari jafnfram fram undirbúningur á frekara námi, námsráðgjöf við val á námsleiðum við hæfi og eftir atvikum frekara nám á framhaldsskólastigi.
 - Greið leið til menntunar
 - Í sumum tilfellum nægir staðfesting á formlegu mati fyrir einstakling.
 - Standi hugur til háskólanáms er viðkomandi beint í frumgreinadeildir til undirbúnings, oft að undanegnum undirbúningi hjá símenntunarmiðstöð í menntastöðum.
 - Áhersla verði á stutt starfstengt nám innan framhaldsskólanna.
 - Flestir með einingar úr fyrra námi sem stytta námstíma ásamt raunfærnimati.
 - Kennslukostnaður við endurmenntunaráttak greiddur af ríkissjóði.
 - Framfærsla tryggð í nýju námsstyrkjakkerfi

- Framfærslustyrkir til þeirra sem stunda viðurkennt nám til lokaprófs á framhaldsskólastigi (3. þrep).
- Hafa samtals fimm ára reynslu á vinnumarkaði að baki og hafa starfað samfelld á íslenskum vinnumarkaði á undanförunum 36 mánuðum.
- Fjármögnun úr atvinnuþryggingakerfinu.
- Stjórn skipuð af aðilum vinnmarkaðarins sem setji úthlutunarreglur.
- Kostnaður
 - Um 2,5 m.kr pr. Einstakling
 - Heildarkostnaður við endurmenntun 30 þúsund manns eru því rúmir 50 ma. kr. sem skv. ofangreindu myndi skiptast á ríkissjóð og Atvinnuleysistryggingasjóð eða aðra sambærilega fjármögnun.
 - Margir óvissuþættir.

Þetta eru áhugaverðar tillögur sem þarfnast nánari greiningar og umræðu. Eðlilegt að skoða málið samhliða gerð næstu kjarasamninga eftir kosningar.

Mikilvægt að þá liggja fyrir nákvæmari útfærsla og mat á raunhæfni þessarar leiðar. Þáttur í því er að setja upp tilraunaverkefni þar sem markmið væri m.a.:

- Að kanna eftirspurn meðal einstaklinga á vinnumarkaði fyrir endurmenntun.
- Að þróa samstarf símenntunarmiðstöðva, framhaldsskóla og háskóla varðandi endurmenntun á vinnumarkaði.
- Að innleiða og þróa matskerfi hjá símenntunarmiðstöðvum á fyrri námi og raunfærni sem viðurkennd er af öðrum skólastigum.
- Að meta kostnað.
- Að þróa nýjar námsleiðir í samstarfi menntakerfis og atvinnulífs á einstökum svæðum út frá þörfum þar.
- Að kanna þörf fyrir námsstyrki, þróa og prófa útfærslur á slíku kerfi í framhaldi af þeirri vinnu sem unnin var innan Náms er vinnandi vegur fyrir atvinnuleitendur.

Umfang verkefnissins þarf að vera nægjanlegt til að fá reynslu af ofangreindum atriðum. Verkefnið þarf því bæði að vera þróað á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Það þarf að reyna á fjölbreytilegar aðstæðu hvað atvinnulíf og samsetningu vinnumarkaðar ræðir. Hér er m.a. miðað við þá reynslu sem komin er af tilraunaverkefni SA og ASÍ varðandi þjónustu við atvinnuleitendur.

Lagt er til að tvö svæði verði valin við framkvæmd verkefnissins, Norðvesturkjördæmi og Breiðholt í Reykjavík.

Í Norðvesturkjördæmi er gott þversnið af íslensku atvinnulífi, stóriðja, sjávarútvegur, ferðaþjónusta, landbúnaður og þjónusta ýmis konar. Þar eru þrjár öflugar símenntunarstöðvar, fimm framhaldsskólar og þrjú háskólar auk háskólaseturs. Íbúar eru um 26 þúsund manns.

Í Breiðholti er öflugur framhaldsskóli, auk þess sem að Námsflokkar Reykjavíkur og Mímir hafa haft þar starfsstöðvar. Í hverfinu er öflug sjálfstæð hverfamiðstöð sem býður upp á virka aðkomu Reykjavíkurborgar að verkefninu. Þar er einnighátt hlutfall erlendra ríkisborgara, sem áhugavert og mikilvægt er að sinna innan slíks verkefnis. Íbúar eru um 20 þúsund manns.

Lagt er til að tilraunaverkefnið hefjist haustið 2013 og standi í eitt ár. Lagt er til að vannýttir fjármunir sem yfirlýsing ríkisstjórnarinnar tryggir til þriggja ára, verði að því marki sem þarf nýttir til þessa verkefnis

sem verði á ábyrgð núverandi stýrihóps, sem vinni kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um verkefnið og sjái um framkvæmd þess Stýrihópurinn geri jafnframt tillögur um ráðstöfun umframfjármagns vegna ársins 2013 í samræmi við inntak yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011.